

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 119/2025

frá 13. júní 2025

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/127 frá 27. janúar 2025 um leiðréttingu á tilteknum tungumálaútgáfum af framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/808 um nothæfi greiningaraðferða fyrir leifar af lyfjafræðilega virkum efnum sem eru notuð fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis og um túlkun niðurstaðna, sem og um aðferðir sem skal nota við sýnatöku ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/328 frá 19. febrúar 2025 um breytingu á VIII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 að því er varðar samþykki fyrir þeirri stöðu Slóveníu að áhætta í tengslum við dæmigerða riðuveiki sé óveruleg ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/403 frá 28. febrúar 2025 um breytingu á viðaukunum við framkvæmdarákvörðun (ESB) 2021/260 að því er varðar samþykki fyrir tilteknum landsráðstöfunum sem gerðar eru til að takmarka áhrif tiltekinna sjúkdóma í lagardýrum og að því er varðar skrána yfir tegundir sem eru næmar fyrir þessum sjúkdómum ⁽³⁾.
- 4) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um fóður skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur varðandi aðlögun á tilteknum sviðum í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 5) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2025/127, 28.1.2025, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2025/127/oj

⁽²⁾ Stjtið. ESB L, 2025/328, 20.2.2025, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2025/328/oj

⁽³⁾ Stjtið. ESB L, 2025/403, 3.3.2025, ELI: http://data.europa.eu/eli/dec_impl/2025/403/oj

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 13o (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/260) í hluta 1.1:

‘— **32025 D 0403**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/403 frá 28. febrúar 2025 (Stjtið. ESB L, 2025/403, 3.3.2025).“

2. Eftirfarandi undirlið er bætt við 12. lið (reglugerð Evrópupingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001) í hluta 7.1:

„— **32025 R 0328**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/328 frá 19. febrúar 2025 (Stjtið. ESB L, 2025/328, 20.2.2025).“

3. Eftirfarandi undirlið er bætt við 14. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/808) í hluta 7.2:

„— **32025 R 0127**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/127 frá 27. janúar 2025 (Stjtið. ESB L, 2025/127, 28.1.2025).“

2. gr.

Texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2025/127 og (ESB) 2025/328 og framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2025/403, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. júní 2025, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. júní 2025.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

formaður.

ÓOPINBER ÞÝÐING